



Reykjavík, 31. október 2024

FAS24100043

1210

## Borgarráð

### **Álagningarhlutfall útsvars tekjuárið 2025**

Lagt er til að álagningarhlutfall útsvars tekjuárið 2025 verði 14,97% og er það sama hlutfall og tekjuárið 2024.

### **Greinargerð:**

Tillagan byggir á 23. og 24. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga með síðari breytingum. Áætlað er að Reykvíkingar greiði 145,4 milljarða í útsvar á árinu 2025 og að 20,8 milljarðar af útsvarsgreiðslum fari í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, þar af fara um 5,2 milljarðar til útgjaldajöfnunar annarra sveitarfélaga. Tillagan felur í sér óbreytt álagningarhlutfall frá tekjuárinu 2024.

**Einar Þorsteinsson**



**Reykjavík**